


## Um skólann

Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA) tók til starfa árið 1984. Nemendur skólans eru að jafnaði 1300 en að auki stunda fjölmargir nemendur nám í fjarnámi við skólann Starfsmenn eru u.þ.b. 200. Starfsemi VMA einkennist af námsframboði fyrir alla nemendur, með áherslu á fjölbreytt nám, bæði iðn- og tækninám ásamt bóknámi. Skólinn er áfangaskóli með skipulagi sem gerir nemendum kleift að sníða námið að aðstæðum sínum og þörfum.

Skólameistari er Sigríður Huld Jónsdóttir huld@vma.is



## Informacje o szkole

Technikum w Akureyri (Verkmenntaskólinn á Akureyri - VMA) rozpoczęło działalność w 1984 roku. Do szkoły w trybie stacjonarnym uczęszcza przeciętnie 1300 uczniów. Dodatkowo wiele osób uczy się przez internet. Szkoła zatrudnia ok. 200 pracowników. Działalność szkoły charakteryzuje się ofertą skierowaną do wszystkich uczniów, z naciskiem na różnorodność nauczania, zarówno w zakresie praktycznym – rzemiosła i kierunki techniczne – jak i teoretycznym, opartym na wiedzy książkowej. Nauka w szkole zorganizowana jest w trybie kursów/modułów, które umożliwiają dostosowanie nauki do indywidualnych potrzeb uczniów.

Szkołą kieruje Sigríður Huld Jónsdóttir huld@vma.is




**Námsframboð**

Það nám sem nemendum stendur til boða er afar fjölbreytt; almennt nám, matvælanám, sjúkraliðabraut, íþróttasvið, vélstjórnarnám, starfsbraut, hársnyrtinám, byggingagreinar, rafiðngreinar, bifvélavirkjun og málmiðngreinar. Iðn- og starfsnámi lýkur með prófi í greininni en í flestu iðnnámi þurfa nemendur að fara í verknám á vinnustöðum og í sveinspróf að loknu námi í skólanum.

Nemendur geta lokið stúdentsprófi af félagsfræðabraut, náttúrufræðabraut, listnámsbraut og viðskipta- og hagfræðibraut. Einnig geta nemendur lokið stúdentsprófi með eða að loknu starfs-, iðn- og tækninámi við skólann. Stúdentspróf undirbýr nemendur undir nám í háskóla.

Hægt er að skoða námsframboð, brautir og áfanga á heimasíðu skólans undir

***www.vma.is – námið.***

**Proponowane kierunki nauczania**

Dostępne są różnorodne kierunki nauczania: nauczanie ogólne, gastronomia, wydział dla sanitariuszy, wychowanie fizyczne, mechanika silników jednostek pływających, fryzjerstwo, budownictwo, wydział elektryczny, wydział mechaniki samochodowej oraz wydział rzemiosł metalowych. Nauka zawodu wraz ze stażem kończy się stosownym egzaminem w danej dziedzinie. W większości specjalności zawodowych uczniowie muszą odbyć praktyki w zakładach pracy oraz przystąpić do egzaminu czeladniczego przed ukończeniem nauki w szkole.

Uczniowie mogą przystąpić do egzaminu maturalnego na następujących kierunkach: nauki społeczne, nauki przyrodnicze, wydział sztuk, handel i ekonomia. Można także przystąpić do egzaminu maturalnego podczas lub po ukończeniu nauki zawodu, odbyciu stażu lub po ukończeniu nauki na wydziale technicznym. Egzamin maturalny przygotowuje uczniów do nauki w szkole wyższej.

Z proponowanymi kierunkami nauczania oraz poszczególnymi modułami można zapoznać się na stronie domowej szkoły –

***www.vma.is – námið.***




**Starfstími skólans**

Haustönn hefst í kringum 20. ágúst. Á haustönninni er vetrarfrí, 1-2 dagar í október (á sama tíma og í grunnskólum Akureyrar). Um miðja haustönn þurfa nemendur að velja þá áfanga sem þeir ætla að fara í á vorönn – ætli þeir að halda áfram námi. Námsmat er með ýmsum hætti en heildarmat í lok áfanga er við lok annar. Jólafrí hefst að því loknu. Nám á vorönn hefst í kringum 7. janúar. Á vorönn er vetrarfrí 1-2 daga í febrúar/mars (á sama tíma og í grunnskólum Akureyrar). Páskafrí hefst í dymbilviku og stendur fram yfir annan í páskum. Þeir nemendur sem ætla að stunda áfram nám í skólanum næstu önn þurfa að skila námsvali um miðja önnina. Námsmat er með sama hætti og á haustönn og hefst sumarfrí nemenda að því loknu.

**Rok szkolny**

Semestr jesienny zaczyna się około 20 sierpnia. W czasie semestru jesiennego w październiku jest 1-2 dniowa przerwa zimowa (w tym samym czasie kiedy przerwa zimowa w szkołach podstawowych w Akureyri). W połowie semestru jesiennego uczniowie muszą wybrać te przedmioty/moduły, na które chcą uczęszczać podczas semestru wiosennego - jeżeli zamierzają kontynuować naukę. Oceny są wystawiane w różny sposób, ale ocena całościowa po ukończeniu danego przedmiotu/modułu jest wystawiana na zakończenie semestru. Wolne przed Świętami Bożego Narodzenia rozpoczyna się zaraz po zakończeniu semestru jesiennego.

Nauka w semestrze wiosennym rozpoczyna się około 7 stycznia. W czasie semestru jesiennego w lutym/marcu jest 1-2 dniowa przerwa zimowa (w tym samym czasie kiedy przerwa zimowa w szkołach podstawowych w Akureyri). Wolne z okazji Świąt Wielkiej Nocy rozpoczyna się w Wielkim Tygodniu i trwa do Poniedziałku Wielkanocnego włącznie. Uczniowie, którzy zamierzają kontynuować naukę w następnym semestrze muszą w połowie tego semestru wybrać na jakie przedmioty/moduły chcą uczęszczać. Oceny są wystawiane w podobny sposób jak w semestrze jesiennym, po czym rozpoczynają się dla uczniów wakacje letnie.




**Skrifstofa**

Skrifstofa VMA er opin virka daga frá klukkan 8:00 til 15:00. Þar er hægt að kaupa kennslugögn, prentkvóta og fá upplýsingar.

**Sími skrifstofu er 4640300.**

**Sekretariat**

Sekretariat szkoły VMA czynny jest w dni powszednie od godz. 8:00 do 15:00. W sekretariacie można kupić materiały do nauki i karnety uprawniające do wykonywania kserokopii; sekretariat udziela także informacji.

**Numer telefonu sekretariatu: 4640300**

**Tölvukerfi**

Í skólanum er þráðlaust netsamband. Nemendur fá *vma - netfang* sem límt er á stundatöfluna ásamt lykilorði. Lykilorðið er einnig aðgangur að tölvukerfi skólans og námsumhverfinu Moodle. Litið er á tölvupóst sem kennarar/stjórnendur skólans senda á vma netfang sem ígildi bréfs og er tölvupóstur aðferð skólans til að koma skilaboðum til nemenda, áminningu um slaka mætingu og annað er varðar nám þeirra.

**Það er algerlega á ábyrgð nemenda að fylgjast með tölvupósti VMA.**

**System komputerowy**

W szkole działa bezprzewodowy system łączności z internetem. Uczniowie otrzymują przydzielony adres w szkolnym systemie komputerowym (vma-mail) wraz z hasłem dostępu. Informacje te są naklejone na wręczanym uczniom podziale godzin. Hasło dostępu zapewnia także możliwość wejścia do szkolnego systemu komputerowego oraz środowiska komputerowego służącego do nauczania i noszącego nazwę „Moodle“. Informacje przesyłane za pomocą poczty komputerowej uważa się za równoważne listom dostarczanym w normalnym systemie pocztowym. Sposób ten używany jest w szkole do przekazywania informacji uczniom, udzielania napomnień z powodu nieobecności na zajęciach oraz do przekazywania innych wiadomości dotyczących ich nauki.

**Uczniowie sa całkowicie odpowiedzialni za śledzenie na bieżąco informacji przesyłanych ze szkoły pocztą komputerową.**

INNA - er upplýsingavefur um nám nemanda og heldur utan um námsferil hans. Þar geta nemendur fylgst með námsframvindu sinni og mætingum. Nemendur nota Íslykil eða sækja sjálfir lykilorð til að tengjast vefnum. Foreldrar/forráðamenn nemenda yngri en 18 ára geta fengið aðgang að INNU. Námsval fer fram í gegnum INNU.

**Gætið þess að upplýsingar í INNU séu réttar s.s. netföng og símanúmer.**

INNA – jest systemem informacji działającym w środowisku internetowym. Są w nim zamieszczane informacje o zajęciach szkolnych i przebiegu nauki ucznia. W systemie tym uczniowie mogą śledzić swoje postępy w nauce oraz podążać za wykazem obecności na zajęciach. Aby połączyć się z systemem INNA uczniowie używają tzw. „Íslykill“ albo ubiegają się osobiście o hasło dostępu do systemu. Rodzice/opiekunowie uczniów w wieku poniżej lat 18 mogą otrzymać dostęp do systemu INNA. Wybieranie przedmiotów/modułów, których dany uczeń chce się uczyć, odbywa się także w systemie INNA.

**Proszę zwrócić szczególną uwagę, aby informacje w systemie INNA – tj. adresy poczty komputerowej oraz numery telefonów - były prawidłowe.**

**Skólasóknarreglur**

Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega í kennslustofu. Nemandi sem er fjarverandi meira en 20% af kennslutíma annarinnar telst fallinn í áfanganum. Leyfi og veikindi reiknast ekki til frádráttar en heimilt er að taka tillit til langvarandi veikinda og skulu þau staðfest með læknisvottorði.

Nemendur eða forráðamenn skulu tilkynna veikindi eða önnur forföll fyrir kl. 12 samdægurs á skrifstofu VMA s. 4640300. Foreldrar/forráðamenn nemenda yngri en 18 ára geta tilkynnt veikindi rafrænt í gegnum INNU en nemendur eldri en 18 ára geta skráð veikindi sjálfir.

Nýnemar geta hvorki hætt í, né sagt sig úr, stökum áföngum fyrstu tvær annirnar. Ef nýnemi segir sig úr áfanga er litið svo á að hann segi sig frá skóla.

**Regulamin szkolny dotyczący uczęszczania na zajęcia**

Uczniowie powinni uczęszczać na wszystkie lekcje. Uczniowie powinni przychodzić punktualnie na lekcje do sal, w których odbywają się zajęcia. Jeżeli nieobecności ucznia przekroczą 20% czasu przeznaczonego na nauczanie danego przedmiotu/modułu w semestrze, to uważa się, że nie zaliczył on danego przedmiotu/modułu. Zwolnienia i nieobecności wynikające z niedyspozycji zdrowotnych nie są uwzględniane, ale zezwala się na branie pod uwagę przewlekłych zaburzeń zdrowotnych udokumentowanych zaświadczeniem lekarskim.

Uczniowie lub rodzice/opiekunowie powinni zgłaszać nieobecności wynikające z niedyspozycji zdrowotnych uczniów lub innych powodów do godz.12.00 danego dnia w sekretariacie szkoły VMA pod numerem telefonu 4640300.

Rodzice/opiekunowie uczniów w wieku poniżej lat 18 mogą zgłaszać nieobecność w szkole z powodu choroby uczniów w formie elektronicznej w systemie „INNA”, natomiast uczniowie w wieku powyżej lat 18 mogą dokonywać takich zgłoszeń samodzielnie.

Uczniowie rozpoczynający naukę w szkole nie mogą zaprzestać uczęszczania na pojedyncze zajęcia lub zaprzestać brania udziału w zajęciach z poszczególnych przedmiotów/modułów w czasie dwóch pierwszych semestrów. Jeżeli uczeń wypisze się z jakiegoś przedmiotu/modułu w tym czasie, to jest to uważane za przerwanie nauki w szkole.




### Innritunargjöld

Innritunargjöld í skólann eru kr. 6000 á önn. Auk þess greiða nemendur þjónustugjald á hverri önn en í því felst prentkvóti, ljósrit frá kennurum, tölvuþjónusta og aðgangur að þráðlausu neti. Nýnemar fara í ferð að hausti og innheimt er gjald fyrir hana um leið og innritunargjöld. Nemendur sem stunda nám í iðn- og verknámi greiða efnisgjöld sem eru mismunandi milli deilda. Þau er hægt að sjá á heimasíðu skólans undir *www.vma.is - námið – þjónusta og efnisgjöld.*



### Opłaty wpisowe

Opłata wpisowa na semestr wynosi 6000 kr. Dodatkowo uczniowie płacą za usługi jakie są im świadczone w każdym semestrze – tj. za używanie kserokopiarek, za wydruki/kopie otrzymywane od nauczycieli, za dostęp do systemu komputerowego oraz za dostęp do komputerowej łączności bezprzewodowej. Uczniowie rozpoczynający po raz pierwszy naukę w szkole biorą udział w wycieczce jesiennej, a opłata za nią pobierana jest wraz z opłatą wpisową. Uczniowie uczący się zawodu/rzemiosła oraz biorący udział w praktykach płacą za koszty materiałów używanych na takich zajęciach. Koszty te są różne na różnych wydziałach; informacje na ten temat można znaleźć na stronie domowej szkoły - *www.vma.is - námið - þjónusta og efnisgjöld.*




## Þjónusta

*Náms- og starfsráðgjafi*

Námsráðgjafi er málsvari nemenda innan skólans. Námsráðgjafar veita nemendum þjónustu í málum sem tengjast persónulegum högum þeirra, námi og náms- og starfsvali. Einnig veita þeir foreldrum, kennurum og öðru starfsfólki skólans ráðgjöf í málum einstakra nemenda.

*Umsjónarkennari*

Markmið umsjónarinnar er að styðja við bakið á nemendum. Umsjónarkennari veitir umsjónarnemanda sínum ráðgjöf er lýtur að námi hans og ástundun og er jafnframt tengiliður skólans við heimili. Nafn umsjónarkennara kemur fram á stundatöflu nemanda.

## Usługi

*Doradca ds. nauki i praktyk*

Doradca ds. nauki jest przedstawicielem uczniów na terenie szkoły. Doradcy ds. nauki zapewniają uczniom poradnictwo w sprawach osobistych, w sprawach nauki oraz w sprawach wyboru kierunków i specjalności zawodowych. Udzielają oni także porad rodzicom, nauczycielom i innym pracownikom szkoły w sprawach dot. poszczególnych uczniów.

*Nauczyciel sprawujący nadzór oraz zapewniający opiekę i pomoc*

Rolą nauczyciela sprawującego te funkcje jest udzielanie uczniom wsparcia. Nauczyciel sprawujący nadzór oraz zapewniający opiekę i pomoc służy uczniowi, którym się zajmuje, doradztwem w sprawach szkolnych oraz przebiegu nauki, będąc zarazem odpowiedzialnym za kontakty pomiędzy domem i szkołą. Nazwisko nauczyciela sprawującego nadzór jest umieszczone na podziale godzin ucznia.




*Sálfræðingur*

Sálfræðingur skólans veitir nemendum þjónustu í málum sem tengjast líðan og persónulegum högum þeirra. Einnig veitir skólasálfræðingur foreldrum, kennurum og öðru starfsfólki skólans ráðgjöf í málum einstakra nemenda.

*Hjúkrunarfræðingur*

Er nemendum til viðtals og ráðgjafar um heilsufar, heilbrigði og heilbrigðishvatningu og annast nemendur eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa.

*Forvarnafulltrúi*

Hefur umsjón með forvarnarstarfi skólans í samræmi við stefnumörkun hans og er tengiliður við fræðsluaðila á því sviði. Nemendur geta einnig leitað til forvarnafulltrúa í tengslum við áfengis- og vímuefnavarnir.

***Hægt er að finna netföng og viðtalstíma námsráðjgafa, sálfræðings, hjúkrunarfræðings og forvarnafulltrúa á heimasíðu skólans***
***www.vma.is - þjónusta***

*Psycholog*

Psycholog szkolny zapewnia uczniom usługi w zakresie porad w sprawach dot. ich samopoczucia i spraw osobistych. Psycholog szkolny udziela także porad rodzicom, nauczycielom i innym pracownikom szkoły w sprawach dot. poszczególnych uczniów.

*Pielęgniarka*

Dyplomowana pielęgniarka przyjmuje uczniów, udzielając porad w sprawach zdrowotnych i medycznych, służąc także informacjami na temat zdrowego stylu życia. Zajmuje się ona uczniami, jeśli zachodzi taka konieczność i pozwalają na to warunki.

*Doradca ds. profilaktyki*

Przedstawiciel ds. profilaktyki zawiaduje polityką szkoły w sprawach profilaktyki, zgodnie z wytyczonymi kierunkami i jest odpowiedzialny za kontakty z przedstawicielami pionu nauczania w tym zakresie. Uczniowie mogą się także zwracać do doradcy ds. profilaktyki w sprawach związanych z alkoholem i narkotykami.

***Godziny urzędowania i adresy poczty komputerowej doradcy ds. nauki, psychologa, pielęgniarki oraz doradcy ds. profilaktyki można znaleźć na stronie domowej szkoły - www.vma.is – þjónusta***




**Bókasafn**

Bókasafnið er opið kl. 8.00 - 18.00 mánudaga til fimmtudaga og 8.00 - 15.00 á föstudögum. Fjölmargar bækur eru á bókasafninu og góð samvinna við önnur bókasöfn í landinu. Tengt við bókasafnið eru tvær tölvustofur og ein lesstofa.

**Biblioteka**

Biblioteka jest otwarta od poniedziałku do czwartku w godz. 8:00 do 18:00 i w piątki w godz. 8:00 do 15:00. W bibliotece znajduje się duży wybór książek. Biblioteka współpracuje z innymi bibliotekami w kraju. Przy bibliotece znajdują się dwie sale do pracy przy komputerach oraz czytelnia.

Moodle – er námsumhverfi á netinu sem margir kennarar nota og nemendum ber að fylgjast með.

Moodle – jest aplikacją tworzącą środowisko do nauczania w internecie, używaną przez wielu nuczycieli. Uczniowie są zobowiązani do śledzenia informacji i materiałów tam zamieszczanych.




**Félagslíf**

Nemendafélag skólans heitir Þórduna og er skipað nemendum skólans. Nemendafélagið heldur utan um félagslíf nemenda. Haldin er m.a. vegleg árshátíð á hverju ári, söngkeppni og nýnemahátíð. Þá eru starfandi ýmsir klúbbar innan nemendafélagsins.

Félagsgjald Þórdunu er innheimt um leið og skólagjöld. Aðild að nemendafélaginu veitir afslátt að viðburðum á vegum félagsins og einnig afslætti hjá ýmsum veitingastöðum og verslunum.

Heimasíða: www.thorduna.is

Nemendafélagið er einnig á Facebook

**Życie towarzyskie**

Uczniowskie Towarzystwo Szkolne nosi nazwę „Þórduna". Członkami towarzystwa są uczniowie szkoły VMA. Uczniowskie Towarzystwo Szkolne dba o organizowanie życia towarzyskiego uczniów. Organizowane są m.in.: Doroczne Święto Szkoły, Konkurs Piosenki oraz Święto Pierwszoroczniaków. Pod egidą Towarzystwa Szkolnego działają też różne kluby.

Składki członkowskie Uczniowskiego Towarzystwa Szkolnego są pobierane wraz z opłatami wpisowymi. Członkowstwo w Uczniowskim Towarzystwie Szkolnym uprawnia do zniżek przy wstępie na różne imprezy oraz do rabatów w różnych restauracjach i sklepach.

Strona domowa towarzystwa: www.thorduna.is

Uczniowskie Towarzystwo Szkolne jest także obecne na Facebooku.




**Foreldrafélag**

Foreldrafélag er starfandi við VMA. Fimm foreldrar/forráðamenn nemenda í skólanum og þrír varamenn sitja í stjórn félagsins. Skólastjórnendur og kennarar eru velkomnir á fundi félagsins. Hlutverk þess er að styðja við starf skólans, styrkja samstarf foreldra og forráðamanna nemenda sem eru ólögráða. Tengiliður skólans við félagið er Sigríður Huld Jónsdóttir, skólameistari. huld@vma.is

**Komitet rodzicielski**

Przy szkole VMA działa Komitet Rodzicielski. W zarządzie komitetu zasiada pięciu przedstawicieli rodziców/opiekunów uczniów uczęszczających do szkoły oraz trzech ich zastępców. Zrządzający szkołą oraz nauczyciele są mile widziani na zebraniach Komitetu.
Rolą Komitetu Rodzicielskiego jest wspieranie pracy szkoły, zacieśnianie współpracy rodziców i opiekunów niepełnoletnich uczniów. Osobą odpowiedzialną za kontakty pomiędzy szkołą i Komitetem Rodzicielskim jest Sigriður Huld Jónsdóttir, dyrektor szkoły. huld@vma.is

VMA hefur hlotið alþjóðlega gæðavottun samkvæmt ISO 9001 staðli. Öll prófskírteini skarta þeim stimpli.

Szkoła VMA otrzymała międzynarodowe świadectwo jakości (*Quality assurance*; *QA*) zgodne ze standardem ISO 9001. Na wszystkich świadectwach egzaminacyjnych znajduje się pieczęć, potwierdzająca ten zaszczytny fakt.

Heimasíða skólans er www.vma.is
Á heimasíðu skólans birtast fréttir og tilkynningar um skólastarfið.
Skólinn er með Facebook síðu sem mælt er með að nemendur og foreldrar „líki við". Þar koma ýmsar tilkynningar til nemenda.

Strona domowa szkoły to: www.vma.is

Na stronie domowej szkoły są umieszczane wiadomości oraz informacje o pracy szkoły.

Szkoła ma także swoją stronę na Facebooku - zachęcamy, aby uczniowie oraz rodzice umieszczali na niej swoje „lajki" . Zamieszczane są tam także różne ogłoszenia i informacje przeznaczone dla uczniów.